

Nd.

54. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í mál-
efnum sveita og kaupstaða.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit. Fyrirmæli 2.—4.
málsg. 16. gr. gilda um leynilegar kosningar utan kaupstaða. Þegar hreppsnefnd
hefir verið kosin hlutfallskosningu, gilda um aðalfulltrúa og varafulltrúa í hrepps-
nefnd fyrirmæli 19. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir borið við, þar sem hlutfallskosningar hafa verið viðhafðar í hrepps-
nefndum, að varafulltrúum vissra flokka hefir verið bægt frá að taka sæti á
hreppsnefndarfundum, af því að fyrirmæli laga um rétt þeirra til fundarsetu eru
ekki nægilega skýr. Hlutfallskosning er hálfgerð meiningarleysis, ef ekki má hafa
varafulltrúa, og miðar frv. að því að leysa og koma í veg fyrir ágreining um
þetta.